

ávallt ráða. Séu jafn mörg atkvæði með og móti fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. 124

16. nóv.

Ofangreindar breytingar á fundarsköpum bæjarstjórnar Vestmannaeyja-kaupstaðar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 26 22. nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

125

um loftskæptastöðvar í íslenskum skipum.

17. nóv.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 31, 1. febr. 1936, um loftskæptastöðvar í íslenskum skipum, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkisstjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga komi til framkvæmda 1. apríl 1937.

Þeir, sem óska að fá leigðar loftskæptastöðvar hjá landssímanum frá 1. apríl 1937, sendi umsóknir sínar til póst- og símamálastjórnarinnar fyrir 15. desember n. k.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 17. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

126

um blöndun smjörlikis með íslenzku smjöri.

30. nóv.

Til að fyrirbyggja framkominn misskilning á auglýsingu ráðuneytisins 14. september þ. á., um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar, að hver 100 kg af smjörliki, sem framleitt er hér á landi, eiga að innihalda 8 kg af íslenzku smjöri og 92 kg af öðrum efnum og skal blanda útlent smjörliki, sem til landsins kann að flytjast, íslenzku smjöri í sama hlutfalli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.